

7. gr.

105

Skipulagsskrá þessi öðlist konunglega staðfestingu, og óskað þá skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna, svo og árlegur reikningur sjóðsins, sem stjórnarnefndin semur fyrir 1. febrúar ár hvert, þegar sjóðurinn samkvæmt 3. gr. hefir tekið til starfa.

2. sept.

Staddur í Reykjavík, 31. ágúst 1938.

Gunnar Steinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

106

8. sept.

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í
Siglufjarðarkaupstað, frá 28. júlí 1931.

5. gr. reglugerðarinnar skal orðast svo:

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 3 kr. fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest. Þó sé minnsta gjald 15 kr. fyrir önnur skip en fiskiskip. Heimilt er bæjarstjórn að veita ívilnun á vatni ef skip taka vatn að mun í einu. Þegar um smærri innlend fiskiskip er að ræða, sem lítið vatn nota og ekki til annars en neyzlu, er bæjarstjóra heimilt að semja við hlutaðeigendur um fast gjald yfir heilt ár eða heila vertíð að upphæð allt að 25 kr. eftir stærð skipanna. Skip, sem vatnsveitan hefir afhent vatn, má ekki að viðlögðum sektum fara af höfninni, áður en vatnið er greitt.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. september 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Borgarhrepps“ 107
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. sept- 19. sept-
ember 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Borgarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Borgarhrepps.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er Brunabótasjóður Borgarhrepps, sem varð eign hreppsins samkv. lögum nr. 26 23. júní 1932, og er að upphæð kr. 11114.02.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands eða Sparisjóði Mýrasýslu. Hann má einnig ávaxtast í fyrirtækjum, sem Borgarhreppur ber ábyrgð á, gegn ekki lægri vöxtum en innlánsvöxtum í Sparisjóði Mýrasýslu.